

M-5/2018. Álit 26. júní 2018.

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. júní 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-5/2018.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 17. janúar 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst skaðabóta að fjárhæð 100.000 krónur.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 22. janúar 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér þá heimild og bærust andsvör seljanda sama dag. Andsvör seljanda voru send til álitsbeiðanda 24. janúar 2018 og honum bent á heimild til að hafa uppi athugasemdir vegna þeirra. Álitsbeiðandi nýtti sér ekki þá heimild. Frekari athugasemdir bærust nefndinni ekki. Með bréfi, dags. 25. júní 2018, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000 þann 21. október 2017 af seljanda en kaupverðið var 290.000 krónur. Bifreiðin er af gerðinni Suzuki Ignis, árgerð 2004 og hafði verið ekin 170.000 km. á kaupdegi. Seljandi hafði 11 dögum áður fengið bifreiðina sem hluta af greiðslu fyrir aðra bifreið.

Þann 12. desember 2017 bilaði bifreiðin við akstur, en af gögnum málsins verður ráðið að kúplingshúsið sé brotið og girkassinn sé bilaður. Kostnaður við viðgerð er áætlaður um 150.000 til 200.000 krónur og svarar því ekki kostnaði að gera við bifreiðina samkvæmt álitsbeiðanda. Að sögn álitsbeiðanda hafði hann ekki keyrt bifreiðina mikið á þeim 50 dögum frá því hann festi kaup á bifreiðinni þar til hún bilaði og hafði notkunin verið með öllu eðlileg. Álitsbeiðandi hefur krafðist greiðslu frá seljanda að fjárhæð 100.000 krónur, svo 80.000 krónur og að lokum 50.000 krónur, en seljandi hefur hafnað allri ábyrgð í málinu.

Álitsbeiðandi krefst þess fyrir kæruneftndinni að seljandi greiði sér skaðabætur að fjárhæð 100.000 krónur vegna bilunarinnar og þeirra óþæginda sem bilunin hefur valdið honum.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda tekur hann fram að fyrirtækið hafi eignast bifreiðina í viðskiptum með aðra bifreið. Fyrir kaupin lét seljandi bifreiðina í ástandsskoðun þar sem ekkert kom fram sem benti til bilunar eða slits umfram það sem eðlilegt megi teljast í 13 ára gamalli bifreið. Viðskiptin voru því samþykkt og seljandi setti bifreiðina í kjölfarið í sölu hjá tiltekinni bílasölu.

Eftir að bifreiðin bilaði fór hún í skoðun til bifreiðaverkstæðis þar sem tekið var fram, að sögn seljanda, að ekkert bendi til þess að seljandi hafi mátt vita um yfirvofandi bilun og

ekki fyrri eigandi heldur. Seljandi kveðst hafa farið vandlega yfir málið og telur að hann sé ekki bótaskyldur í máli þessu.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina XX-000 þann 21. október 2017 af seljanda fyrir 290.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 2004 og var því um 13 ára og hafði verið ekin 170.000 km. á kaupdegi. Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 21. október 2017, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings!“

Kærunefndin álitur að um kaupin gildi 16. og 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) en í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

- „a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í b- og c- lið 16. gr. segir síðan að söluhlutur sé gallaður ef:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;
- c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur síðan fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annars vegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda, auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur ekki sýnt fram á það í málinu að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina sem hann hafi þekkt til eða hlaut að þekkja til, sbr. b-liður 16. gr. nkpl. og verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Af gögnum málsins má ráða að seljandi hafi veitt álitsbeiðanda þær upplýsingar sem hann bjó yfir um bifreiðina og ekki liggur fyrir að seljandi hafi haft vitneskju um aðra annmarka þegar kaupin fóru fram. Þá telur nefndin ekki unnt að líta svo á að bifreiðin svari ekki til upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hana samkvæmt c-lið 16. gr. nkpl. enda liggur ekki fyrir hvaða upplýsingar það gætu verið.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Bifreiðin var keypt á 290.000 krónur en um 50 dögum síðar bilaði bifreiðin og mun viðgerðarkostnaður fyrirsjáanlega ná hátt upp í kaupverð bifreiðarinnar. Ekki er ljóst af gögnum málsins hvort álitsbeiðandi hafi farið með bifreiðina í sjálfstæða skoðun fyrir kaupin eða aðeins byggt á upplýsingum sem seljandi hafði undir höndum eftir ástandsskoðun hans á bifreiðinni.

Umþrætt bifreið var 13 ára gömul á söludegi og ekin 170.000 km. Þegar um eldri bifreiðar er að ræða getur kaupandi ekki gert ráð fyrir að þær séu í tilteknu standi enda er iðulega kominn tími á margvíslegar viðgerðir eða viðhald sem nauðsynlegt og eðlilegt er eftir margra ára notkun og mikinn akstur. Þrátt fyrir að bifreiðin sé óökufær og viðgerðarkostnaður verði verulega hár miðað við kaupverð bifreiðarinnar telur kærunefndin að álitsbeiðandi hafi mátt gera ráð fyrir að þurfa fyrr eða síðar að leggja í viðgerðir á bifreiðinni miðað við aldur og keyrslu hennar. Álítur kærunefndin því að ekki hafi verið sýnt fram á annað í málinu en að um bilun sé að ræða sem stafi af aldri bifreiðarinnar og miklum akstri og því sé ekki um galla að ræða í skilningi neytendakaupalaga.

Í ljósi allra atvika málsins er ekki unnt að fallast á það með álitsbeiðanda að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin samkvæmt a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl. Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda um greiðslu skaðabóta.

VI Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson